

x 11. fundur.

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofu skólahússins miðvikudaginn 4. maí 1977 og hófst hann kl. 21⁰⁰.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Eggert Ólafsson, Ómar Bjarnþórsson, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Böðvarsson, Ingólfur Halldórsson og Sigurður Erlendsson, fulltrúi kennarafélags Fjölbrautaskólans.

Þegga gerðist:

I. Formaður tilkynnti að dagskrá væri hin sama og vera átti á boðuðum skólanefndarfundi 29. apríl s.l., en féll niður sökum fámennis. Þeir nefndarmenn, skólameistari og yfirkennari ræddu byggingamál skólans og urðu sammála um tillögur sem lagðar voru fyrir fundinn.

Einnig lágu frammi þær tillöguteikningar af væntanlegu skólahúsi sem kynntar voru á síðasta fundi. Þar er gert ráð fyrir einni hæð ofan á núverandi skólahúsi og þriggja hæða viðbótarálfu er tengist vesturgafli hússins. Formaður upplýsti að Keflavíkurbær féllist ekki á makaskiptahugmyndina. Skólanefndin þyrfti því að ræða húsnaðismálin með hliðsjón af því og yrðu byggingamálin næsta dagskrárefni.

II.

Skólameistari og Sigurður Erlendsson lögðu fram og reifuðu breytinga- tillögur sem húsaskipunarnefnd kennara hefur gert við tillögur arkitekta. Skólanefndin lýsti sig samþykka öllum hugmyndum þeirra varðandi tilhögun innanhúss, en mælir með því að í stað viðbyggingar verði reist þriggja hæða nýbygging uppi á hæðinni bak við væntanlegt íþróttahús en auk þess hæð ofan á fjölbrautaskólahúsið eins og ráð er fyrir gert í tillögum arkitekta. Einnig samþykkti nefndin einróma tillögurnar frá umræðufundinum 29. apríl, en þær voru þessar:

a) Skólanefnd FS fer þess á leit að arkitektarnir Hörður Björnsson og Hreggviður Stefánsson geri líkan af skólasvæðinu eins og það liti út eftir stökkun núverandi húss um tvær hæðir ásamt þriggja hæða viðbyggingu- og annað líkan miðað við að nýbygging jafnstór viðbyggingunni yrði staðsett uppi á hæðinni.

b) Skólanefnd leggur til að sótt verði um 100 milljón króna fjárveitingu úr ríkissjóði til byggingarfrankvæmda á árinu 1978. Framlag sveitarfélaganna yrði þá 66,7 milljónir er þannig skiptust:

Keflavík	34.513.915.00
Njarðvík	9.522.759.00
Grindavík	9.484.740.00
Miðneshreppur	6.037.684.00
Gerðahreppur	4.028.680.00
Vatnsleysustrandahreppur	2.453.226.00
Hafnahreppur	658.996.00

c) Skólanefnd FS óskar eftir fundi með undirnefnd fjárveitinga-
nefndafndarhúsnæðismál skólans. Einnig felur nefndin skóla-
meistara og formanni skólanefndar að ræða við SSS um byggingamál
skólans.

III.

Skólameistari tilkynnti að lögfestar hafi verið breytingar á lögum
um fjölbrautaskóla. Mikilvægust er sú að nú er svo á kveðið að
nemar á iðnbrautum fjölbrautaskóla njóti sömu réttinda og aðrir
iðnnemar.

IV.

Skólameistari afhenti nefndarmönnum "Frumvarp til laga um framhalds-
skóla" stjórnarfrumvarp, sem nýlega var lagt fram á Alþingi og
fyrirhugað er að senda ýmsum aðilum til umsagnar á næstunni.
Skólameistari skýrði frumvarpið og sagði það sem sniðið utan um
Fjölbrautaskóla Suðurnesja; engar breytingar þurfi að gera á
skipulagi skólans þótt frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Ekki
taldi hann líklegt að svo yrði en lýsti skilyrðislausu fylgi sínu
við frumvarpið eins og það nú er.

V.

Skólameistari skýrði frá því að dagana 23. - 24. apríl s.l. hafi verið
haldin í Haskólanum í Reykjavík ráðstefna iðnfræðslukennara af öllu
landinu. Þar hafi hið nýja framhaldsskólafrumvarp verið kynnt og
hlotið góðar undirtektir. Á ráðstefnunni var fjölbrautaskólakerfið
kynnt og leiðréttur margs konar misskilningur sem ríkjandi var.
Starfshópur lagði til að nám í almennum greinum yrði aukið talsvert,
án þess að dregið yrði úr kennslu í sérgreinum og öllu námsefni
yrði skipt í skýrt afmarkaða áfanga.

VI.

Ingólfur skýrði frá framkvæmd vorprófa. Þau hófust 2. maí og lýkur
17. maí. Skólaslit verða laugardaginn 21. maí kl. 14⁰⁰.

VII.

Skólameistari dreifði blaði frá menntamálaráðuneytinu sem greinir frá niðurstöðum skipðanakönnunar um námsval sem nýlega var framkvæmt í efstu bekkjum grunnskóla. Um allt land á sér stað sí þróun að aðsókn í almennt bóknám fer minnkandi er nýjar námsbrautir opnast. Margir óttuðust að ákvörðunir um að sömu einkunnamörk gætu inn í alla framhaldsskóla hefði í för með sér vaxandi ásóki í menntaskólánám- en sú er ekki reyndin á þessu voru: - Um 6200 nemendur þreyta grunnskólapróf þetta árið. Á áðurnefndu blaði er greint frá námsvali 76% þessara nemenda.

VIII.

Einar Þórðarson skrifstofumaður skólans sagði í vetur lausu starfi sínu frá 1. maí. Enginn hefur verið ráðinn í hans stað vegna þess að hugsanlegt er að hann fái til að endurráða sig í haust. Skólameistara var heimilað að ráða starfsmann á skrifstofuna árdegis frá 23. maí til 30. júní, en ákveðið var að loka skólanum alveg í júlímánuði. Í ágúst mánuði verður skrifstofan opin árdegis að minnsta kosti.

IX.

Rætt var um merki fyrir skólann. Skólameistari lagði fram nokkrar hugmyndir frá Auglýsingastofu Gísla B. Björnssonar og reyndust fundarmenn sammála um að láta fullhanna eina hugmyndina þar sem stafirnir BB eru smekklega samofnir. Stefnt verður að því að skólamerkið verða á bréfhaus, umslögum og fleiri gögnum og prýði prófskírteini nemenda sem brautskrást úr skólanum í vor.

X. Önnur mál.

- a) Skólameistari ræddi um þá stefnu að skipuleggja sumarvinnu sem flestra nemenda sem þátt í verklegu námi þeirra á ýmsum brautum. Sem stefnumarkandi upphaf taldi hann nauðsynlegt að tryggja nemendum sem nú brautskrást af hjúkrunarbraut sumarvinnu á sjúkrahúsinu í Keflavík. Nefndin lýsti sig samþykkt þessu viðhorfi.
- B) Formaður tók á dagskrá tillögnum bílastyrk skólameistara og véku Jón, Ingólfur og Sigurður af fundi meðan það mál var rætt. Samþykkt var að skólameistari hefði bílastyrk sem svarar 640 Km akstri á mánuði og greiddist hann frá 1. ágúst 1976.

Þetta var ekki gert og fundur skitað kl. 11⁴⁵.

Fundargerð skráðu:

Ingvar Jóhannsson og Jón Böðvarsson